

**Nd.**

**138. Nefndarálit**

um frv. til l. um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum, hjólbörðum, hjólbarðaslöngum og um úthlutun bifreiða.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaður leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGU.**

Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

Þriggja manna nefnd skal hafa með höndum, þegar ekki er hægt að fullnægja eftirspurn, úthlutun allra bifreiða, sem fluttar eru til landsins. Sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu tvo menn í nefndina og tvo til vara, en hinn þriðja skipar ríkisstjórnin eftir tilnefningu bifreiðastjórafélagsins Hreyfils í Reykjavík og varamann hans eftir tilnefningu Þróttar, félags vörubifreiðastjóra í Reykjavík, og taki hann sæti í nefndinni, þegar ákveðin er úthlutun vörubifreiða. Nefndin skal fylgja þeirri reglu við úthlutun fólksflutningsbifreiða, að tveir þriðju þeirra bíla, sem fluttir eru inn árlega, fari til atvinnubílstjóra og bifreiðastöðva.

Afstaða mín til frumvarpsins mun fara eftir þeim undirtektum, er breytingartillaga þessi fær.

Alþingi, 6. jan. 1943.

Einar Olgeirsson.